

Fjarðabyggð  
Anna Katrín Svavarsdóttir  
Hafnarbraut 2  
730 Fjarðabyggð

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
03. júlí 2014 9.5.3	
Tilv. _____	



Reykjavík, 2. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140600215/bs

### Frankvæmdaleyfi - Hólmanes, stígagerð

Vísað er til bréfs Fjarðabyggðar dags. 30. júní sl. þar sem óskað er leyfir Umhverfisstofnunar til að leggja stíg frá núverandi stíg, í gegnum Baulhúsadal og að Baulhúsum.


Frankvæmdin er innan þess svæðis sem friðlýst var sem fólkvangur og friðland með auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 393/1973. Í reglum sem gilda um allt svæðið segir m.a. :  
*„Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegt viðhald þjóðvegjar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu. Undanþágur frá reglum þessum eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar.“*


Samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd eru fólkvangar svæði sem friðlýst eru til útiivistar og almenningsnota. Markmið framkvæmdarinnar er að fjölga gönguleiðum á svæðinu og styrkja innviði svæðisins til að taka á móti auknum fjölda ferðamanna án þess að verndargildi svæðisins minnki.

Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.

- Að frágangur framkvæmdarinnar verði vandaður.
- Engin efnistaka verði innan hins friðlýsta svæðis.
- Stígur verði lagður utan votlendis.

Umhverfisstofnun telur að ef farið verði að ofangreindum skilyrðum mun framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi hins friðlýsta svæðis.

Virðingarfyllst  
  
Kristín L. Árnadóttir  
Förstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur